

1855.

31. janúar.

3. Brjef innanríkisstjórnarinnar til yfirtollstjórnarinnar um skilning á verzlunarlögnum 15. apr. f. á.

Yfirtollstjórnin hefur skýrt frá því, að það hafi þótt nauðsyn, eptir að búið er að auglýsa lögin 15. Apríl f. á. um siglingar og verzlun á Íslandi, bæði í hertogadæminu Sljesvík, og í hertogadæmunum Holtsetalandi og Láenborg, að safna í eitt ákvörðunum þeim, sem gjörðar hafa verið fyrrum, og tollembættismenn framvegis eiga að fara eptir, og að skýra þessum embættismönnum frá því að nýju, hvers þeir skuli gæta viðvíkjandi siglingum og verzlun á Íslandi, og það tollstjórnin um álit stjórnarinnar á eptirfylgjandi atriðum:

1. Hvort ákvörðun sú gildi enn, er stendur í opnu brjefi 7. marz 1787 5. gr., að hver skipstjóri, sem fer til Íslands, eða kemur þaðan, skuli sýna hlutaðeigandi tollþjónum leiðarbrjef það, er hann hefur fengið, og að þeir eigi þess vegna ætíð að heimta slík leiðarbrjef til skoðunar, þegar þess konar skip koma eða fara, og eptir brjefi tekjuráðsins 6. marz 1847 að skrifa upp á þau, eða hvort álfita megi, að hún sje tekin úr lögum, þar eð hún ekki er tekin í lög 15. apríl f. á.

2. Hvort framvegis þurfi að gegna skyldu þeirri, er hingað til hefur legið á tollstjórninni við afgreiðslu skipa, þegar þau fara til Íslands eða koma frá Íslandi, að senda viðstöðulaust eptirrit af tollskýrslunum til tekjuráðsins — nú innanríkisstjórnarinnar —.

3. Hvort að það sem skipað er í lögnum 15. apr. f. á. 5. gr., að senda íslensk leiðarbrjef, sem eru afhent hlutaðeigandi tollurum, eptir að þau hafa verið notuð, eins og áður hefur verið ákveðið í opnu brjefi 7. marz 1787 8. gr., og tilsk. 11. sept. 1816 12. gr., skuli gjöra undir eins eptir að leiðarbrjefinu er skilað, eða hvort tollararnir geti látið leiðarbrjefin fylgja með tollreikningunum; og hefur yfirtollstjórninni þótt eiga beztt við, eptir því sem nú stendur á, ef að innanríkisstjórnin vill, að áður nefnd leiðarbrjef framvegis verði send sjer, að þau sjeu ekki send beinlínis frá hlutaðeigandi tollstjórn til innanríkisstjórnarinnar,

heldur til yfirtollstjórnarinnar, og skuli hún safna leiðarbrjefunum, og skila þeim við hver árslok.

1855.
31. janúar.

Stjórnin svarar þessu þannig:

1. Þar eð það, eptir lögunum 15. apr. f. á. 4. og 5. gr., er ekki nauðsynlegt, að hvert skip, sem á að fara til Íslands frá innlendum stað, hafi keypt íslenzkt leiðarbrjef, en því er sett í sjálfs vald að kaupa leiðarbrjef, þegar það kemur til Íslands, eða á einhverjum þeim stöðum, sem til eru greindir í 5. gr. laganna, hlýtur skylda sú, sem lögð er skipstjórum og tollþjónum á herðar í opnu brjefi 7. marz 1787 5. gr., að vera fallin burtu að því leyti; þar á móti gildir það fyrir skipstjóra þá, er koma frá Íslandi, framvegis eins og hingað til, að því leyti, sem þeir eiga, þegar ferðin er búin, að skila leiðarbrjefi, því sem þeir hafa fengið, eða að þeir eiga að láta teikna á það, að þeir hafi sýnt það, ef að brjefið gildir líka fyrir ferðina aptur til Íslands (sbr. lög 15. apr. f. á. 4. gr., 2. klausu).

2. Þar eð skipað hefur verið, eins og yfirtollstjórnin hefur dregið á, að senda þessi eptirrit til stjórnarinnar, einkum til að nota þau í lýsingum á landshag, sem nú er gjört á annan hátt, fellst stjórnin á, að þessu sje hætt framvegis.

3. Stjórnin áltur rjettast, að hin íslenzku leiðarbrjef, sem skilað er á tollstöðunum, sjeu send sjer, til þess að hún geti haft nægar gætur á, að leiðarbrjefin sjeu ekki notuð ólöglega, bæði þessi og þau sem send eru frá Íslandi, en fjellst á það ásamt með yfirtollstjórninni, að hentast væri, að hin fyr nefndu verði framvegis send frá tollstöðunum til yfirtollstjórnarinnar og þaðan til innanríkisstjórnarinnar um hver árslok.

4. Brjef innanríkisstjórnarinnar til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn um að hún megi prenta lög og úrskurði stjórnarráðanna. 31. janúar.

Deild hins íslenzka bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn hafði sótt um að mega prenta hið merkasta af konungsúrskurðum, brjefum stjórnarráðanna o. s. frv. er við kemur Íslandi.